

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 102/1950. **Kristján Kristjánsson**

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1950.

Nr. 63/1950. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Gunnþóri Einarssyni (Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Skólastjóri Stýrimannaskólans hefur markað á sjóupprátt línu þá milli Svartness og Skarfatanga, sem um ræðir í héraðsdómi. Er allt það svæði, sem landmegin er við þá línu, meira en 3 sjómílar innan landhelgislínu. Með skírskotun til þessa og þar eð gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, sem það var, er héraðsdómur var kveðinn upp, þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Theódórs B. Línals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðar 15. apríl 1950.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Gunnþóri Einarsyni skipstjóra, til heimilis Öldugötu 8, Seyðisfirði, fyrir ætlað brot á lögum nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 11. apríl 1924, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Kærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 30. júlí 1915. Hann var með dómi lögregluréttar Þingeyjarsýslu 30. október 1948 dæmdur í 29500 króna sekt fyrir brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Hinn 18. nóvember s.l. var kærði skipstjóri á v/s Áspór N. S. 9 frá Seyðisfirði, er þá stundaði togveiðar. Þenna dag var báturinn staddur á Bakkafirði. Um kl. 14 þá um daginn fóru 5 Bakkfirðingar á trillubát út á fjörðinn til þess að athuga nánar um athafnir togbátsins, er þeim virtist vera þarna á togveiðum á firðinum. Þessir 5 Bakkfirðingar hafa allir verið leiddir sem vitni í máli þessu.

Ber þeim öllum saman um það, að báturinn hafi verið að togveiðum innan línu, sem hugsast dregin milli Svartness og Skarfatanga, en þar fyrir innan er hin löggilta höfn fyrir Höfn við Bakkafjörð, sbr. reglugerð nr. 97 frá 13. maí 1947.

Vitnið Hjálmar Sigurður Hjálmarsson sjómaður segir, að það hafi sézt greinilega, að báturinn hafi verið þarna að togveiðum. Vitnið Njáll Halldórsson sjómaður segir, að togbáturinn hafi verið að enda við að taka inn hlerana, þegar vitnið kom í námunda við hann, en hann hafi síðan sett á fulla ferð með vörpuna aftan í. Vitnið Ólafur Guðmundsson sjómaður segir, að dragstrengirnir hafi greinilega sézt aftur af togbátinum og að togbáturinn hafi sett á fulla ferð, er trillubáturinn nálgadist, og heldur, að togbáturinn hafi þá verið að draga inn veiðarfærin. Vitnið segir, að þeir á trillunni hafi komið svo nærri togbátinum, að greinilega hafi

sézt, að togbáturinn var með botnvörpuna í eftirdragi. Vitnið Arnmundur Jónasson sjómaður segir, að þeir á trillunni hafi komið mjög nærri togbátinum, að greinilega hafi sézt, að togbáturinn var með dragstrengi aftan í, enn fremur, að þeir á togbátinum hafi verið að draga inn veiðarfærin og taka inn hlerana, þegar þeir komu að þeim, en togbáturinn hafi þá sett á fulla ferð og haldið út fjörð. Loks segir vitnið Jakob Elírksson sjómaður, að þeir hafi komið mjög nærri v/s Áspór og að dragstrengirnir hafi greinilega sézt aftur af bátinum. Vitni þessu virtist togbáturinn setja á fulla ferð út og norður flóann, þegar hann varð var við trilluna.

Öll voru vitni þessi saman í áðurnefndum trillubát, og öll hafa þau staðfest framburð sinn með eiði.

Kærði viðurkennir að hafa verið á togbát sínum Áspór umræddan dag á Bakkafirði og hafa látið reka þar fyrri part dags til kl. 15 og síðan lagzt fyrir akkeri á hafnarlegunni. Hann neitar því hins vegar að hafa verið þar að togveiðum og heldur því fram, að umbúnaður veiðarfæra hafi verið fullkomlega löglegur, lásað úr hlerum og varpan á dekki.

Rannver Björgvin Bjarnason, sem var stýrimaður á togbátinum, hefur verið krafinn vættis og kannast einnig við, að togbáturinn hafi verið á Bakkafirði umræddan dag, en neitar því, að þeir hafi verið þar að veiðum. Vegna storms hafi verið kippt á og látið reka.

Valtýr Guðmundsson, sem var matsveinn á togbátinum og leiddur var sem vitni, segir, að togbáturinn hafi komið inn á höfnina á Bakkafirði þenna dag vegna storms og bilunar á veiðarfærum, en hins vegar álitur hann, að þeir hafi alls ekki verið að togveiðum þar.

Loks var Sigurður Stefán Friðriksson, sem var háseti á togbátinum, krafinn vættis, en hann kveðst ekki vita til þess, að togað hafi verið inn á Bakkafirði, og segir, að slíkt hafi ekki átt sér stað, þegar hann var á þilfari. Segir hann, að ekki hafi verið togað þenna dag vegna hvassviðris.

Um þrjú síðasttaln vitni gildir það, að þau voru öll í þjónustu kærða, er þau voru leidd, tóku enn fremur kaup sitt í aflahlut og geta því ekki talizt lögfull vitni í máli þessu.

Með skírskotun til framangreindra ákveðinna og eiðfesta framburða fimm sjómanna á Bakkafirði, sem raunar eiga fulla stoð í framburði kærða og skipverja hans um stað togbátsins, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að v/s Áspór N. S. 9 hafi verið að veiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir neitun kærða að hafa verið þar að togveiðum og framburð nokkurra skipverja hans í sömu átt, en þeir geta samkvæmt framanrituðu ekki talizt lögfull vitni, enda verður að telja þá hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu lögum samkvæmt undanþegnir refsingu.

Þar eð áðurnefnt löggilt hafnarsvæði er allt tvímælalaust innan landhelgislinu, hefur kærði gerzt sekur um brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Refsing kærða er með hliðsjón af gullgildi íslenzku krónunnar í dag, 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, hæfilega ákveðin 74000 króna

sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá verður samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 30. okt. 1948 sætti refsídómi fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi í 2 mánuði.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli, er innanborðs voru í v/s Áspór N. S. 9, upptæk ger og andvirðið renna í Landhelgisjórð Íslands.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Erlends Björnssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 350.00.

Í prófgerðum málsins er gerð grein fyrir drætti þeim, sem orðinn er á máli þessu, og telst því rekstur þess vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jón Gunnþór Einarsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði 74000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/s Áspór N. S. 9 skulu upptæk og andvirðið renna til Landhelgisjórðs Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Erlends Björnssonar, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1950.

Nr. 38/1948. **Sigurbjörn Björnsson** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
Jóni Ásmundssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.